

Handboltahagfræði

Hvernig ætli landsliðinu í handbolta myndi reiða af í heimsmeistarakeppni, ef stjórnmalaflokkarnir réðu þjálfarann og röðuðu sínum mönnum í liðið?

Spurningin svarar sér sjálf. Það þyrfti ekki nema einn eða tvo veika hlekki úr röðum flokkanna til að gera sigurlíkur liðsins að engu.

Sama regla gildir um aðra þætti þjóðlífsins, t.d. um stjórnsýslu ríkisins, Alþingi, dómskerfið og stjórnarskrána.

Byrjum á stjórnsýslunni. Hún er lakari en hún gæti verið. Það stafar m.a. af landlægum klíkuskap í embættaveitingum. Klíkuskapurinn hefur gengið svo langt, að í frumvarpi Stjórnlagaráðs að nýrri stjórnarskrá, sem tveir þriðju hlutar kjósenda lýstu stuðningi við í þjóðaratkvæðagreiðslu 2012, eru sérstök ákvæði til að girða fyrir nápotið. Einar Steingrímsson stærðfræðiprófessor í Skotlandi kallar Ísland „andverðleikasamfélagið“ til að lýsa ástandinu. Hæstiréttur þurfti að láta málið til sín taka, þegar maður nokkur, sem sótti um dómastarf og var hafnað til að rýma fyrir lakari umsækjanda vel tengdum, höfðaði mál á hendur ráðherranum. Hæstiréttur dæmdi ráðherrann til að greiða fórnarlambinu skaðabætur. Hörmulegt ástand Landspítalans-Háskólasjúkrahúss eftir hrun minnir á, að forstjóri Karolinska sjúkhuset í Stokkhólmi, frægasta spítala Norðurlanda, er Íslendingur, sem hefur tvisvar sótt um starf á Íslandi, en umsókn hans var hafnað í bæði skiptin.

Líku máli gegnir um Alþingi. Þjóðfundurinn 2010 lýsti eftir ákvæði um fækkun þingmanna í nýrri stjórnarskrá í samræmi við 70 ára gamlar tillögur Ólafs Jóhannessonar og Gylfa Þ. Gíslasonar, sem báðir voru prófessorar í Háskóla Íslands um sína daga, annar í lögum, hinn í hagfræði. Þegar fækkun þingmanna var rædd í Stjórnlagaráði, komu að máli við mig nokkrir þingmenn, þáverandi og fyrrverandi, til að vara við tillögunni og báru því m.a. við, að meiri hluti alþingismanna væri í reyndinni óvinnufær, þ.e. skilaði ekki árangri. Einn sagði: Bara 23 núverandi þingmenn vinna fyrir kaupinu sínu. Ef þingmönnum væri fækkað, hélt hann áfram, myndi vinnufærum þingmönnum fækka niður fyrir nauðsynlegt neyðarmark, svo að þingið yrði alveg óstarfhæft. Ég benti á, að jafnt vægi atkvæða og persónukjör myndu draga úr veldi flokkanna og væntanlega leiða hæfari fulltrúa til þings, svo að vinnufærum þingmönnum gæti fjölgað þrátt fyrir fækkun þingmanna í heild. Þegar til kastanna kom, ákvað Stjórnlagaráð að leggja til óbreyttan fjölda þingmanna með þeim rökum, að styrkja þyrfti innviði Alþingis gegn ofríki framkvæmdarvaldsins. Ég féllst fyrir mitt leyti á þau rök að því gefnu, að jafnt vægi atkvæða ásamt persónukjöri næði fram að ganga.

Stjórnmalaflokkarnir eru samir við sig nú, þegar þeir eru að reyna að drepa frumvarp til nýrrar stjórnarskrár, sem kjósendur hafa lýst fylgi við í þjóðaratkvæðagreiðslu. Allar tilraunir flokkanna sjálfra til heildarendurskoðunar stjórnarskrárinnar frá 1944 hafa farið út um þúfur. Svanur Kristjánsson prófessor í stjórnmálafræði í Háskóla Íslands kallar frumvarp Stjórnlagaráðs „eitt merkilegasta skjal sem til hefur orðið í allri stjórnmálasögu landsins.“

Stjórnmálaflokkarnir hegða sér líkt og hagsmunasamtök stjórnmálamanna eins og Mikael Karlsson heimspikiprófessor í Háskóla Íslands hefur bent á. Af þessu stafar klíkuskapurinn í embættaveitingum. Og hér er hún kannski lifandi komin höfuðskýringin á því, hvers vegna aðeins 38% þeirra, sem Capacent spurði áhlits 2012, sögðust treysta dómskerfinu, 16% sögðust treysta Seðlabankanum, 10% Alþingi og 7% bankakerfinu. Kannanir MMR leiða til svipaðrar niðurstöðu. Capacent spurði ekki um Rafmagnseftirlitið, enda finnst flokkunum sennilega ekki vert að leggja það undir sig líka.

Fólkið í landinu er nú loksins byrjað að átta sig á ástandinu, en til þess þyrfti hrun. Könnun Gallups 2013 sýnir, að tveir þriðju hlutar þeirra Íslendinga, sem spurðir voru, hvort þeir teldu

spillingu vera útbreidda í stjórnkerfinu, svöruðu spurningunni játandi borið saman við 14% Svía, 15% Dana, 25% Norðmanna, 30% Finna, 64% Japana, 80% Rússa og 86% Ítala. Að þessu leyti er Ísland líkara Ítalíu, Japan og Rússlandi en Danmörku, Finnlandi, Noregi og Svíþjóð.

Spillt stjórnarfar hefur yfirleitt alvarlegar afleiðingar, bæði félagslegar og efnahagslegar. Ísland hefur dregið langt aftur úr öðrum Norðurlöndum í efnahagslegu tilliti. Kaupmáttur þjóðartekna á hverja vinnustund á Íslandi byrjaði að dragast aftur úr kaupmætti annars staðar um Norðurlönd strax 1998 eins og myndin sýnir. Bilið breikkaði smám saman, einkum eftir hrun, svo að nú eru Íslendingar ekki nema rösklega hálfdrættingar á við Dani líkt og þegar Íslendingar fengu heimastjórn 1904. Kaupmáttur þjóðartekna á vinnustund er nú nærri þrisvar sinnum meiri í Noregi en á Íslandi. Norðmenn flykkjast ekki til Íslands.

Munurinn stafar að mestu leyti af landlægrí óhagkvæmni á Íslandi langt umfram viðurkennd velsæmismörk annars staðar um Norðurlönd eins og ég lýsti t.d. í bók minni *Síðustu forvöð* 1995. Spillingin er einn angi þessarar óhagkvæmni ásamt fákeppni, höftum og sérhagsmunþjónkun, sem hefur keyrt um þverbak síðustu ár. Óhagkvæmnin hefur tvær höfuðafleiðingar. Í fyrsta lagi þurfa Íslendingar að hafa miklu meira fyrir lífinu en aðrar Norðurlandþjóðir. Þetta lýsir sér annars vegar í lengri vinnuviku og hins vegar í því, að mun hærra hlutfall mannaflans er starfandi hér en þar. Í annan stað er tekjuöflunin minni hér en þar, þar eð m.a. menntun mannaflans er minni hér og framleiðnin er að því skapi minni. Skýringarnar tvær hanga saman, þar eð lítil afköst og lágar tekjur knýja á um mikla vinnu til að ná endum saman. Íslendingar hafa einfaldlega ekki ráð á að hætta að vinna jafnsnemma dagsins og jafnsnemma ævinnar og frændur þeirra á Norðurlöndum.

Samt er ekki við stjórnmalaflokkana eina að sakast, heldur einnig þá sem fylgja þeim að málum. Viðskiptaráð sagði hálfu ári fyrir hrun: „Viðskiptaráð leggur til að Ísland hætti að bera sig saman við Norðurlöndin enda stöndum við þeim framur á flestum sviðum.“ Viðskiptaráð greiddi erlendum og innlendum hagfræðingum stórfé fyrir að skrifa skýrslur 2006 og aftur 2008, þar sem því var haldið fram, að allt væri í himnalagi í bönkunum. Þessu er lýst í skýrslu Rannsóknarnefndar Alþingis og einnig í Óskarsverðlaunamyndinni *Inside Job* eftir kvikmyndagerðarmanninn Charles Ferguson, sem er doktor í stjórnmálafræði frá MIT. Bankarnir og tengd fyrirtæki mokuðu fé í stjórnmálaflökka og stjórnmálamenn fyrir hrun, svo miklu fé, að Sjálfstæðisflokkurinn ákvað að skila hluta fjárins með raðgreiðslum, án vaxta. Bankarnir, Viðskiptaráð og stjórnmálamenn voru inni á gaflí – uppi í rúmi! – hver hjá öðrum. Einmitt það varð einnig Færeyjum að falli 1989 eins og Eðvarð T. Jónsson lýsir vel í bók sinni *Hlutskipti Færeyja* 1994.


Of nán tengsl stjórnmála og viðskipta birtast m.a. í því, að mannaflí fyrirtækjanna er lakari en hann þyrfti að vera, þar eð vinnuveitendur fara sumir í pólitískt manngreinaralit. Klíkuskapur í ráðningum er ekki bundinn við ríki og sveitarfélög. Margir beztu og reyndustu blaðamenn landsins fá hvergi vinnu á fjölmiðlum og eru því kauplausir einyrkjar á vefnum. Þegar 15% kjósenda skrifuðu í fyrra undir áskorun til forseta Íslands um að vísa til þjóðaratkvæðis frumvarpi ríkisstjórnarinnar um niðurfellingu fyrirhugaðrar hækkunar veiðigjalds, gerðu margir það í skjóli nafnleyndar sennilega af því að þeir óttuðust, að þeir yrðu ella látnir gjalda skoðana sinna eins og Agnar Kr. Þorsteinsson starfsmaður Háskóla Íslands hefur lýst, en hann skipulagði söfnunina ásamt öðrum. Þannig mætti lengi telja.

Láglaunabasið á Íslandi leiðir ekki bara af því, að menntun mannaflans er ábótavant (mun hærra hlutfall mannaflans hér en annars staðar um Norðurlönd hætti námi að loknu grunnskólaprófi), heldur einnig af því, að of margir vinnuveitendur fúlga við hæfum starfsmönnum af stjórnmálaástæðum. Lamandi hönd stjórnmálaflökkanna teygir sig langt inn í einkageirann. Þessu þarf að breyta með því að draga úr veldi stjórnmálaflökkanna líkt og

stjórnarskrárfrumvarpið kveður á um. Því fer ekki vel á, að Alþingi fjalli efnislega um frumvarpið, allra sízt þegar frumvarpið hefur þegar verið samþykkt með yfirgnæfandi meiri hluta kjósenda í þjóðaratkvæðagreiðslu sem grundvöllur að nýrri stjórnarskrá. Enginn getur dæmt um eigin sök. Alþingi hefur ekkert gert til að framfylgja svohljóðandi ályktun, sem það samþykkti einum rómi (!) 2010:

„Alþingi ályktar að taka verði gagnrýni á íslenska stjórnámálamenningu alvarlega og leggur áherslu á að af henni verði dreginn lærdómur.“

Kaupmáttur þjóðartekna á hverja vinnustund á Norðurlöndum 1990-2012



Heimild: Alþjóðabankinn og Conference Board, *Total Economy Database™*, janúar 2013, <http://www.conference-board.org/data/economydatabase/>.